

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2022

2022/EES/61/66

frá 29. apríl 2022

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti,
hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1878 frá 25. október 2021 um að tilnefna skráningarstofu fyrir höfuðlénið .eu ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMBYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 50ad (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1083) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„50ae. **32021 D 1878**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1878 frá 25. október 2021 um að tilnefna skráningarstofu fyrir höfuðlénið .eu (Stjttð. ESB L 378, 26.10.2021, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1878, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 378, 26.10.2021, bls. 22.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.